

Djúpavogshreppur
Sveitarstjóri
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 2.febrúar 2018
UST201712-082/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Bragðavellir – Djúpavogshreppi - uppbygging ferðapjónustu

Við er til erindis sveitastjóra Djúpavogshrepps er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir uppbyggingu ferðapjónustu í landi Bragðavalla sem er við Hamarsfjörð í Djúpavogshreppi.

Uppbygging fyrir ferðapjónustu

Í greinargerð ofangreindrar tillögu kemur fram að gert er ráð fyrir nýju íbúðarhúsi auk ferðapjónustubygginga. Áætlaðar ferðapjónustubyggingar eru veitinga- og samkomuhús, 22 smáhýsi og þjónustuhús á 8,4 ha svæði. Einnig er áætlað að breyta um hlutverk landbúnaðarbygginga.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að jarðirnar Bragðavellir 1 og 2 eru við botn Hamarsfjarðar, sunnan Hamarsár og að svæðið einkennist af lítt grónu flatlendi, árfarvegum og ræktuðu landi. Einnig kemur fram að þar er stunduð ferðapjónusta og að stefnt er að aukningu hennar. Ofangreind breyting felur í sér að á 8,4 ha svæði verður landnotkun breytt úr landbúnaði í svæði fyrir verslun og þjónustu.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir það að framkvæmdir munu hafa rask og áhrif á landslag í för með sér. Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdasvæði hefur verið raskað vegna landbúnaðar á svæðinu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að framkvæmdir verðir felldar að byggingum sem eru á svæðinu og umhverfinu, og bendir stofnunin á þann mögulega að nýta innlendar trjátegundir til að minnka áhrif á ásýnd af svo mörgum smáhýsum.

Á ofangreindu framkvæmdasvæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá né tiltekin vistkerfi og jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur